



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA FRÁ SAMHÆFINGARSTÖÐINNI

Dags: 31.08.2014

kl.14:00

Varðar: Eldgos í Holuhrauni, norðan Vatnajökuls

Megin atriði

- Hraungos hófst í Holuhrauni, líklega upp úr kl. 04:00 í nótt, á sama stað og gaus fyrir tveimur dögum. Sprungan virtist vera u.þ.b. 1,5 km löng. Tekið var eftir því á vefmyndavél Mílu um 05:51. Færri skjálftar fylgja gosinu en því fyrra, en meira hraun kemur upp.
- Hraunstraumurinn var u.þ.b 1 km breiður og um 3 km langur til norðausturs um kl. 07:30. Hraunið er talið nokkurra metra þykkt og flæðið var að líkindum um 1000 m³ á sek.
- Skjálftavirkni hefur verið lítil á gossvæðinu. Um 500 skjálftar hafa mælst á svæðinu, sá stærsti 5,1 í Bárðarbunguöskjunni. Óveður á svæðinu gerir það að verkum að minni skjálftar greinast verr.
- GPS-mælingar sýna áframhaldandi gliðnun á svæðinu norðan Dyngjujökuls. Gasbólstrar rísa frá sprungunni í nokkur hundruð metra hæð.
- Veðurskilyrði gera erfitt að fylgjast með gosinu en vísindamenn eru á staðnum og nota hvert tækifæri til þess að afla upplýsinga um kviku- og gas útstreymi.
- Athugað verður hvort hægt er að fljúga yfir gosstöðvarnar síðar í dag en veður hamlar flugi í augnablikinu.
- Aðgerðin er enn á Hættustigi. Ekki er talin ástæða til þess að flytja aðgerðina yfir á Neyðarstig almannavarna að svo stöddu.

Jarðhræringar:

Ekkert lát er á jarðskjálftavirkni á svæðinu. Yfir 500 skjálftar hafa mælst frá miðnætti. Tveir stórir skjálftar mældust í öskju Bárðarbungu. Sá fyrri varð kl. 00:18 í nótt að stærðinni M3,8 en sá síðari kl. 12:01 á hádegi uppá M5,1.

Varúðarráðstafanir:

Lokun lögreglustjóranna á Húsavík og Seyðisfirði á hálendinu norðan Vatnajökuls eru enn í gildi. Allir vegir inn á svæði eru einnig lokaðir. Ákvörðunin er fyrst og fremst í varúðarskyni.

Veðurstofa Íslands hækkaði viðvörunarstig fyrir flugmálayfirvöld vegna Bárðarbungu í rautt um leið og gosið hófst. Askja er enn á gulu.

Isavia hefur gefið út flugbannsvæði sem nær frá jörðu og upp í 6000 fet (2 km) á svipuðum slóðum og fyrir gosið á föstudaginn. Svæðið hefur engin áhrif á flugvelli landsins og eru allir flugvellir opnir

Flóðahætta:

Eins og staðan er núna er engin hættu á flóði.

Frekari vöktun:

Vísindamenn voru á svæðinu þegar gosið hófst vegna uppsetningar á mælitækjum. Þeir hafa nú snúið til byggða vegna óveðursins á svæðinu. Samhæfingarmiðstöðin í Skógarhlíð og Aðgerðastjórnin á Húsavík auk vísindamanna Veðurstofunnar og Jarðvísindastofnunar HÍ fylgjast náið með þróun mála.

Upplýsingar:

Fjölmiðlateymi er að störfum í Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð og veitir upplýsingar og sinnir fjölmiðlum. Netfang fjölmiðlateymisins er info@sst.is Símanúmerið er: 5702644/43. Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)
<https://www.facebook.com/Almannavarnir>